

Fimmtudaginn 14. október 1993.

Nr. 220/1993. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Kolbeini Vopna Sigurðssyni

(Kristján Stefánsson hrl.).

Fjársvik. Skjalafals. Rán.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Gunnlaugur Claessen ríkislögmaður.

Ákærði áfrýjaði héraðsdómi í heild sinni, að því er varðaði III. kafla ákæru, en að öðru leyti til refsilækkunar. Af hálfu ákærvaldsins var málinu áfrýjað með stefnu 17. maí 1993 til þyngingar á refsíákvörðun héraðsdóms.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdóms og færslu brota til refsíákvæða. Þótt óljóst sé, hvernig þætti ákærða var nákvæmlega hátt að í broti samkvæmt III. ákærulið, ber að fallast á það með héraðsdómara, að sannað sé, að ákærði hafi átt beinan hlut að ráninu, og bendir allt til, að hann hafi ásamt tveimur mönnum öðrum farið á eftir Sigurði Guðleifssyni út af Veitingahúsinu Keisaranum með þeim ásetningi að ræna hann.

Ákærði var laus til reynslu, þegar brot þau voru framin, sem greinir í ákæru. Hann hefur nú afplánað þá dóma að fullu, sem hann hafði ekki setið af sér. Hann var tvítugur að aldri, þá er brotin samkvæmt ákæru voru framin, og átti þá að baki nokkurn brotaferil og hafði meðal annars orðið uppvís að þátttöku í ráni. Brot þessi voru flest framin, áður en hann náði 18 ára aldri. Ákveða ber honum refsingu að teknu tilliti til þeirra atriða, sem greinir í 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með vísan til þess, að hann er enn ungur að árum, þykir þrátt fyrir brotaferil hans mega milda refsingu frá því, er ákveðið var í héraðsdómi, og skal hún vera fangelsi í 2 ár.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Kolbeinn Vopni Sigurðsson, sæti fangelsi í tvö ár. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað er staðfest. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmans, 40.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 30. apríl 1993.

Ár 1993, föstudaginn 30. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er af Péttri Guðgeirssyni héraðsdómara, í Dómhúsinu við Lækjartorg, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-115/1993: Ákærvaldið gegn Kolbeini Vopna Sigurðssyni, sem dómtekið var 26. sama mánaðar.

I.

Mál þetta var höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 23. febrúar 1993, á hendur ákærða, Kolbeini Vopna Sigurðssyni refsifanga, til lögheimilis í Asparfelli 12, Reykjavík, kt. 060672-407, „fyrir eftirtalin brot, framin árið 1992:

Fyrir fjársvik með því að selja í Reykjavík eftirtalda tékka, sem hann hafði í heimildarleysi tekið úr tveimur tékkheftum Sigurbjörns Kristjáns-sonar á reikninga í Íslandsbanka, og gefið út í eigin nafni, dagsetta 9.-25. október, svo sem hér er rakið:

— — —

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Fyrir skjalafals laugardaginn 17. október með því að nota í viðskiptum í verslun Olís, Hamraborg, Kópavogi, falsaðan tékka, að fjárhæð 4.500 krónur, á eyðublaði nr. 0407875 á reikning í Landsbanka Íslands.

Telst þetta varða við 155. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Fyrir rán aðfaranótt þriðjudagsins 27. október með því að veitast að Sigurði Guðleifssyni, fæddum 18. mars 1941, taka hann hálstaki og snúa hann niður, svo að hann féll í gangstéttina, og taka af honum seðlaveski, sem hafði meðal annars að geyma skilríki og nokkur hundruð krónur.

Telst þetta varða við 252. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar. Þá krefjast eftirtaldir aðilar þess, að ákærði verði dæmdur til þess að greiða sér skaðabætur að tilgreindri fjárhæð auk vaxta:

- 1) Karen Kristjánsdóttir f. h. Íslandsbanka, 16.000 krónur,
- 2) Ragnar Ragnarsson f. h. Veitingahússins Asíu, 18.000 krónur,
- 3) Ágúst Stefánsson, 5.000 krónur,
- 4) Hafdís Hallsdóttir f. h. Skeljungs, 3.000 krónur,
- 5) Ingvar Ingvarsson, 3.000 krónur,
- 6) Olíuverslun Íslands, 4.500 krónur.“

Málavextir.

A. Ákærði hefur skýlaust játað þau brot, sem honum er gefin sök á í I. og II. kafla ákæru. Hefur hann með því orðið sekur um brot gegn þeim lagaákvæðum, sem þar greinir.

Eigendur tékkanna hafa krafist þess, að ákærði verði dæmdur til þess að greiða sér andvirði þeirra ásamt hæstu lögleyfðu vöxtum til greiðsludags. Ber að dæma ákærða til þess að greiða þá ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, frá kröfudegi til greiðsludags, sem hér segir:

Íslandsbanka, 16.000 krónur, frá 27. október 1992,

Veitingahúsinu Asíu hf., 18.000 krónur, frá sama degi,

Ágústi Stefánssyni, kt. 220537-781, 5.000 krónur, frá 15. október 1992,

Skeljungi hf., 3.000 krónur, frá 27. október 1992,

Ingvari Ingvarssyni, kt. 200657-586, 3.000 krónur, frá 17. nóvember 1992,

Olíuverslun Íslands hf., 4.500 krónur, frá 11. nóvember 1992.

B. Þriðjudaginn 27. október 1992 kl. 1.13 var tilkynnt um áflog við Snorrabraut 30 hér í borg. Þegar lögreglumenn komu á staðinn, var þar fyrir Sigurður Guðleifsson öryrki, Barónsstíg 43 hér í borg, og kærði yfir því, að á sig hefði verið ráðist skömmu áður og hann rændur. Nokkru síðar voru ákærði og Ágúst Liljan Sigurðsson, kt. 021164-488, handteknir, eftir að til þeirra hafði sést, þar sem annar þeirra fleygði seðlaveski Sigurðar undir kyrrstæðan bíl á mótum Barónsstígs og Hverfisgötu. Veski Sigurðar fannst undir bílnum og í því öll skilríki, en engir peningar.

Sigurður Guðleifsson gaf skýrslu hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins síðar um daginn. Kvaðst hann hafa verið lítills háttar undir áhrifum áfengis og verið að koma út af veitingastaðnum Keisaranum við Laugaveg og gengið upp Snorrabraut. Á móts við húsið nr. 30 hefði einhver komið aftan að sér og greitt sér högg í hnakka, svo að hann féll á grúfu í götuna. Þá hefði einhver tekið um háls sér, þar sem hann lá, og um leið hefði hann fengið

spörk í síðu og í höfuð. Taldi Sigurður a. m. k. tvo menn hafa verið þarna að verki. Allt hefði þetta gerst mjög hratt, og einhver hefði sagt: „Slepptu honum, Kobbi“, og hefðu mennirnir þá horfið á braut. Sigurður kvaðst hafa reynt að rísa á fætur, en ekki getað það strax fyrir sársauka í síðu og höfði. Hann hefði svo orðið þess áskynja, að seðlaveski sitt ásamt 7-800 krónum og skilríkjum var horfið úr innri úlpuvasa sínum. Skömmu seinna hefði lögreglan komið og ekið sér á slysadeild.

Vitnið hefur skýrt frá því fyrir dóminum, að hann hafi verið lítillga undir áhrifum áfengis. Hafi hann verið á veitingastaðnum Keisaranum og gengið þaðan út og suður Snorrabraut. Hann muni næst eftir því, að komið hafi verið aftan að sér, sér greidd allmörg höfuðhögg og hann snúinn niður í götuna og haldið þar. Segir hann, að á meðan hann lá í götunni, hafi einhver kallað: „Hættu þessu, Kobbi, það er komið nóg.“ Hafi sér þá verið sleppt. Kveðst vitnið muna þessi orð vel, en þó kunni að hafa verið kallað: „Slepptu honum, Kobbi.“ Vitnið hefur séð ákærða í réttinum og einnig Viðar Björnsson. Vitnið kveðst álíta, að ákærði sé ekki sá maður, sem á sig réðst, heldur hafi það verið Viðar Björnsson. Vitnið segist þekkja úlpuna eða blússuna, sem Viðar var í. Hafi sá, sem aftan að sér kom og tók utan um sig, verið í sams konar blússu eða úlpu og Viðar. Kveðst vitnið margsinnis hafa séð Viðar í þessari úlpu eða blússu síðan. Kveðst hann hafa þekkt flikina af erminni, sem hann sá, þegar tekið var utan um sig. Hafi annar maður en Viðar tekið af sér veskið. Vitnið segir um 7-800 krónur hafa verið í veskinu auk skilríkja, og hafi hann fengið þetta allt aftur nema peningana.

Um áverka á Sigurði Guðleifssyni segir í vottorði Guðna Arinbjarnar lækni, að nokkrar kúlur hafi verið á hnakka hans, mar á hálsi og baki, brotið VIII. rif vinstra megin og tognun í báðum liðum vinstri þumals. Þá kemur þar fram, að Sigurður muni ná sér að fullu eftir þessa áverka.

Ákærði var á Keisaranum þetta kvöld ásamt Ágústi Liljan, sem áður er nefndur, og Viðari Björnssyni, kt. 240848-773, sem ákærði þekkti reyndar ekki. Við lögreglurannsókn málsins kvað hann þá Ágúst og Viðar hafa talað um, að þar væri einnig staddur maður, sem ætti nóga peninga. Hefðu þeir bent sér á manninn, þegar út var komið, og þeir haldið í humátt á eftir manninum. Hann hefði svo ráðist á manninn aftan frá og tekið hann hálstaki og snúið hann niður, svo að maðurinn féll á grúfu. Hann hefði hvorki slegið né sparkað í manninn, og maðurinn hafi ekki getað meitt sig í fallinu. Ákærði kvaðst hafa tekið með annarri hendi um háls manninum, þar sem hann lá á grúfu, og sveigt hann aftur á bak, en með hinni hendinni hefði hann tekið seðlaveski hans úr innri vasa hans. Þeir Ágúst og Viðar hefðu staðið á lengdar, meðan á þessu gekk, og ekkert aðhafst. Þeir hefðu svo allir forðað sér á brott.

Ákærði hefur við meðferð málsins fyrir dóminum gjörbreytt frásögn sinni af atburðinum. Kveður hann Ágúst Liljan Sigurðsson hafa ráðist á manninn og rænt hann. Sjálfur hafi hann játað þetta á sig, þar sem hann hafi verið í miklu „þynnkustuði“ og hugsað um það eitt að losna úr fangelsi. Hefur hann skýrt frá því, að þeir Ágúst Liljan hafi verið staddir á veitingastaðnum Keisaranum, og þar hafi maðurinn, sem rændur var, einnig verið. Skyndilega hafi Ágúst Liljan stokkið út á eftir manninum. Ákærði kveðst hafa verið við barinn og flýtt sér að ljúka úr glasi sínu og hlaupið út á eftir Ágústi. Hafi Ágúst stokkið aftan á manninn og snúið hann niður. Ákærði segist ekki hafa orðið var við, að Viðar Björnsson væri þar nálægur. Kveðst ákærði ekki einu sinni þekkja þann mann í sjón. Ákærði kveður Ágúst hafa tekið veskið af manninum, en segist ekki geta lýst því, hvernig hann fór að því, enda hafi hann verið ölvaður. Þeir hafi farið inn í bíl, sem Hugrún, systir sín, ók, en hún hafði ekið þeim Ágústi að Keisaranum. Hafi Hugrún ekið þeim niður að Hverfisgötu. Hafi þeir Ágúst farið þar inn í hús, þar sem Ágúst þekkti til, en Hugrún beðið í bílnum á meðan. Eftir um klukkustundardvöl þar hafi þeir gengið út aftur, og hafi þá lögreglan komið þar að.

Ákærði kannast ekki við að hafa verið með veski mannsins í höndunum. Þá hafi hann ekki séð veskið í fórum Ágústs, eftir að hann hafði tekið það af manninum. Ákærði kveður þá Ágúst ekki hafa rætt saman um ránsfenginn og kveðst ekkert hafa fengið af honum.

Ákærði gefur þá skýringu á játningu sinni hjá rannsóknarlögreglu, að rannsóknarlögreglumenn hefðu sest að sér þennan dag og kynnt sér skýrslur Ágústs Liljans og Sigurðar Guðleifssonar. Segir ákærði, að þar sem svo mikið samræmi hafi verið með skýrslum þeirra beggja, hafi hann talið, að það skipti engu máli, þótt hann játaði þetta á sig. Ákærði kveðst lítið sem ekkert þekkja Ágúst og hafa aðeins verið búinn að þekkja hann í klukkustund, þegar þetta gerðist. Það hafi enginn vinargreiði verið við Ágúst að taka þetta á sig. Hann leggur áherslu á það, að hann hafi verið skelþunnur og illa fyrirhallaður, og þegar þannig standi á, séu menn tilbúnir til að játa á sig hvað sem er, bara til þess að fá að sofa.

Þeir Ágúst og Viðar staðfestu við lögreglurannsóknina í meginatriðum frásögn ákærða, en bar þó ekki saman um innihald veskisins. Ágúst kvað ákærða hafa gefið í skyn, að peningar hefðu verið í veskinu, en hann hefði þó ekki séð það sjálfur. Viðar sagði aftur á móti, að 3.000 krónur hefðu verið í því og þeir skipt þeim á milli sín.

Viðar Björnsson hefur skýrt frá því fyrir dómi, að hann hafi verið við drykkju á Keisaranum með ákærða og Ágústi Liljan. Þar inni hafi verið maður að nafni Sigurður, og kveðst vitnið hafa beðið hann að gefa sér í glas, en Sigurður neitað. Eftir að staðnum var lokað, hefðu þeir þrír

gengið upp Snorrabraut í humátt á eftir Sigurði þessum. Þeir Ágúst hefðu hægt ferðina, en ákærði gengið manninn uppi og komið aftan að honum, tekið um hann ofarlega og snúið hann niður eftir einhverjar stimpingar, að því er sér sýndist. Vitnið kveðst ekki hafa séð ákærða taka neitt af manninum, en þeir Ágúst hafi hlaupið í burtu. Kveðst vitnið hafa hlaupið heim til sín niður á Hverfisgötu, en ekki vitað, hvert Ágúst hafi hlaupið. Eftir hálf tíma til klukkustund hafi þeir ákærði og Ágúst komið heim til hans og talað um, að Kolbeinn hefði náð veski af manninum með 4.000 krónum í, og kveðst vitnið hafa fengið 1.000 krónur af því. Hafi þeir talað um, að þeir hefðu hent veskinu, eftir að þeir voru búnir að taka úr því peningana. Ekki kveðst hann muna, hvort Ágúst hafi kallað til ákærða, á meðan hann hafði manninn undir.

Vitnið segist hafa hitt Ágúst Liljan, eftir að honum var sleppt. Hafi Ágúst sagt, að ákærði ætlaði að taka þetta einn á sig. Hefði Kolbeinn þegar gefið skýrslu um það hjá rannsóknarlögreglu. Viðar segir þá hafa litið svo á, að þeir væru meðsekir ákærða í brotinu. Vitnið kveður þá ekki hafa verið búna að ræða áður um að ræna manninn, og eins hefðu þeir ekki átt þátt í því að ráðast á hann.

Vitnið kveðst hafa verið talsvert ölvað, þegar þetta varð, og hafa verið búin að vera í drykkju frá því í ágúst og minni sitt ekki gott. Hann muni þó það, sem hann hafi skýrt frá í réttinum.

Ágúst Liljan Sigurðsson hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að þeir ákærði hafi verið á fyllirii saman. Hefðu þeir verið lítt kunnugir, en hann þó vitað deili á ákærða. Segist hann muna eftir því að hafa farið heim til Viðars Björnssonar þessa nótt, en segist ekki muna, hvort Viðar hafi verið með þeim á Keisaranum. Hann hefur þó að því spurður sagst muna eftir því, að Viðar Björnsson hafi eitthvað verið að tala um það inni á Keisaranum að ræna einhvern. Næst kveðst Ágúst muna eftir því að hafa séð, hvar ákærði var í áflogum við horn Laugavegar og Snorrabrautar við mann að nafni Siggi, sem hafði verið á Keisaranum og hann kannaðist við. Hafi þeir báðir legið og velst um. Hafi ákærði verið með manninn í hálstaki. Kveðst hann hafa reynt að skilja þá ákærða og manninn. Hann kveðst ekki hafa séð ákærða taka neitt af manninum. Hann segist hafa farið heim til Viðars í beinu framhaldi af þessum átökum. Segir hann, að þá hafi komið þar fram veski Sigurðar. Ekki muni hann, hver hafi verið með það. Hann kveður sig ráma í, að þeir Kolbeinn og einhverjir fleiri hefðu farið í bíl af vettvangi og niður Laugaveg og heim til Viðars, en kveðst ekki geta sagt, hverjir hafi verið með þeim í bílnum.

Ágúst kannast ekki við að hafa sagt við Viðar, að ákærði ætlaði að taka á sig sökina af þessu, en kannast við að hafa hitt Viðar nokkrum sinnum um þetta leyti. Viðar Björnsson og Ágúst Liljan Sigurðsson hafa margsinnis verið dæmdir fyrir hegningar- og önnur refsilagabrot.

Sjónarvottar að atburðinum fundust, og hafa þeir komið fyrir dóminn og gefið skýrslu.

Benedikt Páll Magnússon hefur skýrt frá því, að hann hafi verið á „rúntinum“ í bíl með kunningja sínum, Erni. Hefðu þeir verið búnir að aka austur Hverfisgötu og beygt upp Snorrabraut til þess að aka aftur niður Laugaveg. Við ljósin á mótum Laugavegar og Snorrabrautar hafi þeir numið staðar og þá séð, hvar maður lá á jörðinni á að giska 15-20 metra frá þeim. Hafi maðurinn virst vera að bera hönd fyrir höfuð sér og vera að kalla á hjálp. Tveir menn hafi verið hjá honum. Hafi annar kropið og virst vera að fara inn á manninn með aðra höndina. Ekki hafi hann séð, að neitt væri tekið af manninum. Hinn maðurinn hafi staðið þétt hjá eða í á að giska eins metra fjarlægð, en þriðji maðurinn hafi staðið álangdar og nær þeim Erni, á horninu á Snorrabraut og Laugavegi. Þeir tveir, sem hjá manninum voru, hafi hraðað sér á braut og farið niður Laugaveg. Hafi þeir virst vera taugaóstyrkir og gengið og hlaupið á víxl. Virtist Benedikt þeir kalla eitthvað sín á milli. Hann hefur séð ákærða í réttinum og kveður hann líkjust þeim manni, sem kraup hjá manninum, en tekur fram, að myrkur hafi verið, og geti hann ekki verið viss um, að ákærði sé sami maður. Benedikt kveður mennina þrjá hafa verið dökkklædda. Hafi hann séð þá best, sem voru fjær manninum, en þann, sem kraup hjá honum, hafi hann ekki séð eins vel. Þeir tveir, sem hann sá best, hafi virst vera fullorðnir menn og t. d. eldri en ákærði virðist vera. Hafi þessir tveir verið dökkhærðir, annar síðhærður, en hinn með styttra hár.

Örn Austan Gunnarsson hefur skýrt frá því, að þeir Benedikt hafi séð þrjá menn í á að giska 10 metra fjarlægð. Hafi einn legið á jörðinni, en tveir staðið hjá honum og báðir verið að berja hann. Vitnið kveður sig minna, að annar mannanna hafi beygt sig niður að þeim, sem lá, og kropið hjá honum. Vitnið getur ekki skýrt það, hvernig hinn hafi farið að því að berja manninn, en kveðst vera þess fullviss, að þeir hafi báðir barið hann. Kveðst hann minnst þess, að sér hafi blöskrað að sjá tvo menn berja liggjandi mann. Hann kveðst ekki geta sagt, hvort farið hefði verið inn á manninn og leitað á honum eða nokkuð tekið af honum. Kveður Örn annan þessara manna hafa verið stóran vexti, frekar þybbinn og þunnhærðan „eldri mann“. Kveðst hann ekki geta sagt, hvort það hafi verið sá, sem kraup eða stóð hjá manninum. Kveðst hann lítið muna eftir hinum manninum og geti ekkert lýst honum, hvorki um aldur né útlit. Vitnið segir þá tvo hafa hlaupið hvorn í sína átt, og hafi annar hlaupið niður sund í áttina að Hverfisgötu. Hann segist ekki hafa orðið var við, að neitt hafi farið á milli mannanna. Hann kveðst ekki geta sagt annað um klæðnað þeirra en að þeir hafi verið mjög illa hirtir að sjá. Vitnið kveðst aðeins hafa séð þessa tvo menn og aðspurður ekkert hafa séð til þriðja mannsins.

Vitnið hefur séð ákærða og Ágúst Liljan í réttinum. Kveðst hann ekki geta fullyrt, hvort ákærði sé annar þeirra manna, sem hann sá, en Ágúst Liljan Sigurðsson líkist hvorugum mannanna.

Niðurstaða.

Ákærði hefur ekki gefið neina sennilega skýringu á því, að hann hefur gjörbreytt framburði sínum í málinu og horfið frá afdráttarlausri játningu sinni. Þá er á það að líta, að Sigurður Guðleifsson heyrði einhvern kalla: „Sleptu honum, Kobbí“, — eða eitthvað á þá lund, og Benedikt Páll Magnússon hefur sagt ákærða líkjast manni þeim, sem kraup hjá Sigurði. Enda þótt margt bendi til þess, að aðrir en ákærði hafi einnig komið við sögu í því að ræna Sigurð, hefur ekkert komið fram í málinu, sem gerir það vafasamt, að ákærði hafi átt beinan hlut að því að ræna manninn. Verður að telja hann sannan að því að hafa rænt hann veski með skilríkjum og peningum, að minnsta kosti nokkrum hundruðum króna. Hefur ákærði með þessu orðið sekur um brot gegn 252. gr. almennra hegningarlaga.

Það athugast, að láðst hefur að tilgreina brotastað í ákæruskjali.

Viðurlög.

Ákærði hefur til þessa hlotið fimm dóma fyrir hegningarlagabrot, þar af einn fyrir líkamsárás og annan fyrir rán. Þá var ákærða veitt tveggja ára skilorðsbundin reynslulausn af 191 fangelsisdegi 1. júlí 1991, sem honum hefur nú verið gert að afplána. Þykir refsing ákærða með hliðsjón af fyrri ofbeldis- og hegningarlagabrotum hans vera hæfilega ákveðin fangelsi í þrjú ár.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 45.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar, 70.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Kolbeinn Vopni Sigurðsson, sæti fangelsi í þrjú ár.

Ákærði greiði skaðabætur ásamt dráttarvöxtum til greiðsludags sem hér segir:

Íslandsbanka, 16.000 krónur, frá 27. október 1992,

Veitingahúsinu Asíu hf., 18.000 krónur, frá sama degi,

Ágústi Stefánssyni, kt. 220537-781, 5.000 krónur, frá 15. október 1992,

Skeljungi hf., 3.000 krónur, frá 27. október 1992,

Ingvari Ingvarssyni, kt. 200657-586, 3.000 krónur, frá 17. nóvember 1992,

Oliuverslun Íslands hf., 4.500 krónur, frá 11. nóvember 1992.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 45.000 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 70.000 krónur.
